

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás hf, Akureyri Krossanesbraut/Ægisnes 1, Akureyri



Dags eftirlits	26.4.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Hringrás hf, Akureyri	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Ægisnes 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5106131390	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhann Karl Sigurðsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis	Daði, Árni o.fl.	Staðsetning	540324,643 578806,94

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu fannst eitt frávik frá kröfum í eftirliti og fjórar ábendingar um hluti sem betur mættu fara voru skráð. ☐Þá er unnið að úrbótum vegna þriggja útstandandi frávíka.

UMFANG EFTIRLITS

Komið var í reglubundið eftirlit með starfsemi Hringrásar hf. sem hefur starfsleyfi til móttöku á spilliefnum og öðrum úrgangi að Ægisnesi 1 á Akureyri. Jóhann Karl Sigurðsson, Daði Jóhannesson, Elísabet Reinharðsdóttir og Árni Gíslason voru fulltrúar rekstraraðila en fyrir hönd Umhverfisstofnunar mættu Halla Einarsdóttir, Svava Pétursdóttir og Gottskálk Friðgeirsson.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Breyting á rekstri – móttaka á timbri og garðúrgangi til flokkunar og tætingar
2. Yfirferð yfir útafstandandi frávikum
3. Samráðsfundur – staða á málum sem lofað var á samráðsfundi 2017
4. Mælingar
5. Skráningar
6. Gagnaskil – Skýrslur
7. Önnur mál
8. Skoðun á staðnum og samantekt

1. Í síðustu eftirlitum Umhverfisstofnunar hafa verið frávik og athugasemdir vegna uppsöfnunar og móttöku á timbri og garðaúrgangi til kurlunar á starfssvæði Hringrásar. Eins hafa borist kvartanir vegna ryks og sags frá kurluninni. Stofnunin hefur þrýst á að úr verði bætt, móttöku á timbri og garðaúrgangi hætt að Ægisnesi 1 og ráðuneytið veitti rekstraraðila frest til að ljúka kurlun á uppsöfnuðu efni fram til 15. október 2017.

Úrbótaáætlun rekstraraðila sem Umhverfisstofnun samþykkti 27. mars sl. áætlar að aðskilnaði efnishauga verði lokið fyrir árslok 2018. Stofnunin fer fram á að lokið verði við að fjarlægja allar restar af jarðvegi og garðaúrgangi og að efnishaugar verði fluttir inn á svæði með bundnu undirlagi þegar forsteyptum einingum verður komið fyrir á starfssvæðinu. Úrbótum verður fylgt eftir í næsta eftirliti.

Fram kom í eftirlitinu að fallið hefur verið frá umsókn um breytingu á starfsleyfi og umsókn um nýtt starfsleyfi mun ekki koma fram til þess að móttaka og kurlun á timbri geti farið fram á starfssvæðinu.

Farið var fram á að skrifleg staðfesting þar um yrði send stofnuninni svo loka megi máli UST201802-287.

2. Þrjú útafstandandi frávik frá síðustu eftirlitum í fyrirtækið voru skoðuð.

Neyðaráætlun skal vera aðgengileg eftirlitsaðila, sjá ákvæði í grein 1.7 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal útbúa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði móttökustöðvarinnar ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hennar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem starfsemin liggur niðri.

Neyðaráætlun var ekki á staðnum í eftirlitinu og í eftirlitinu var óskað eftir að hún yrði send stofnuninni. Enn hefur neyðaráætlun ekki borist stofnuninni.

Hreinn aðskilnaður efnishauga skal vera á athafnasvæði rekstraraðila. Hannaðar hafa verið forsteyptar einingar sem koma á fyrir á milli efnishauga og samþykkt úrbótaáætlun gerir ráð fyrir að verki ljúki fyrir árslok 2018. Áfram verður fylgst með þessu frávikum.

Nyrsti hluti efnishauganna nær út af föstu undirlagi. Ljóst er að við vinnu við efnishauga þá þarf að hliðra þeim til svo allir efnishaugar séu á svæði sem er með fast undirlag og afrennsli í olíuskilju.

Geymsla spilliefna skal fara fram á þurrum stað innandyra sem tengdur er söfnunarþró svo endurheimta megi mengunaróhöpp ef til kemur að efnin hellist niður. Skoðaður var umbúnaður um spilliefni og kom fram ástandið hefur mikið batnað. Stök raftæki voru þó í kerjum utandyra. Rekstraraðili kvað starfsmenn enn vera að læra nýja

starfshætti. Áfram verður fylgst með umgengni um raf- og rafeindatæki og spilliefni á athafnasvæðinu.

3. Samráðsfundur var haldinn þann 22. maí 2017 með fulltrúum heilbrigðisnefndar, Umhverfisstofnunar og rekstraraðila. Þar kom fram að rekstraraðili hygðist meðhöndla spilliefni innandyrna og hefur það að mestu leyti gengið eftir. Að bæta skuli merkingar á ílátum með spilliefnum, að þjónusta við og tæming á olíuskiljum skuli batna og færast í viðhaldskerfi rekstraraðila. Eins að bæta skráningu málna inn á og út af athafnasvæðinu. Lofað var tiltekt á rusli og brotamálum utan girðingar sem og að fjarlægja gáma sem standa utan lóðarinnar. Margt hefur komist í framkvæmd en annað sem komið er í ferli. Áfram verður minnt á þetta í eftirliti stofnunarinnar.

4. Gagnaskil – niðurstöður mælinga

Söfnunarþró sem þjónustar geymslu- og vinnusvæði spilliefna er alltaf tóm og því hefur ekki verið mælt í henni. Einungis skal mæla í þrónni fyrir tæmingu. Árlega skal mæla samsetningu fráveituvatn í úttaki olíuskilju. Taka skal sýni fyrir 1. október ár hvert.

Niðurstöður mælinga hafa borist og mældist olíu/fita yfir mörkum en var endurmælt og kom þá ágætlega út. Sýni frá júlí 2017 mældist 7,5 mg/l sem er vel undir losunarmörkum sem eru 15 mg/l. Merkja þarf sýni rekstraraðila betur svo ekki sé vafi á því hvort niðurstöður mælinga séu frá Reyðarfirði, Akureyri eða Reykjavík.

Gagnaskil – skýrslur og skráningar

Í grein 5.1 í starfsleyfi er krafa um skráningar. Grein 5.4 í starfsleyfi gerir svo ráð fyrir að samantekt skráningar séu sendar eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í eftirlitinu var bent á heimild sbr. grein 5.4 í starfsleyfi að skila þessum skráningar í grænu bókhaldi eða ársskýrslu rekstraraðila. Grænu bókhaldi fyrir árið 2017 var skilað með tölvupósti þann 7. maí sl.

6. Önnur atriði

a) Umhverfisstofnun hefur í ár það áhersluverkefni að leiðbeina rekstraraðilum um gerð mælanlegra umhverfismarkmiða. Afhentur var bæklingur sem stofnunin hefur prentað með leiðbeiningum um verkefnið og hvernig hægt er að hefja það.

b) Farið var yfir þær nýjungar í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að tíðni eftirlits í fyrirtæki með mengandi starfsemi skal byggjast á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Því getur eftirlitsheimsóknum fjölgað eða þeim fækkað allt eftir því hvernig starfsemin kemur út úr áhættumati. Vinna við áhættumat fyrirtækja sem sjá um meðferð og förgun úrgangsefna (spilliefna) mun hefjast á árinu.

Frávik frá

ákvæði í grein 2.10 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Úrsérgengin ökuæki skal geyma plani með bundnu yfirborðslagi og fráveitan leidd í sandfang og olíuskilju. Við skoðun á útisvæðum kom í ljós að efnishaugar ná út fyrir steypd undirlag athafnasvæðisins.

ATHUGASEMDIR

Hreinn aðskilnaður efnishauga skal vera á athafnasvæði rekstraraðila. Hannaðar hafa verið forsteyptar einingar sem koma á fyrir á milli efnishauga og samþykkt úrbótaáætlun gerir ráð fyrir að verki ljúki fyrir árslok 2018. Áfram verður fylgst með þessu fráviki.

Stök raftæki voru í kerjum utandyra. Rekstraraðili kvað starfsmenn enn vera að læra nýja starfshætti. Áfram verður fylgst með umgengni um raf- og rafeindatæki og spilliefni á athafnasvæðinu.

Merkja þarf sýni rekstraraðila betur svo ekki sé vafi á því hvort niðurstöður mælinga séu frá Reyðarfirði, Akureyri eða Reykjavík.

Samantekt skráningar skulu sendar eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Heimilt er að láta skráningar fylgja grænu bókhaldi eða ársskýrslu.

ANNAÐ

Hætt hefur verið við móttöku og kurnlun timburs á athafnasvæði Hringrásar við Ægisnes 1 á Akureyri. Óskað er eftir skriflegri staðfestingu þar um svo loka megi máli Umhverfisstofnunar UST201802-287.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.06.2018



Gottskálk Friðgeirsson